


AKUREYRI



Morgunblaðið/Rúnar Þór

„Þetta var 25 bala hús,” sagði Gunnar Jónsson starfsmaður hjá Endurskoðun Akureyrar, en verulegt tjón varð á húsnæði félagsins vegna leka í fyrrið. Ört.

Umtalsvert tjón vegna leka í tveimur húsum

UMTALSVERT tjón varð vegna vatnsleka á tveimur húsum á Akureyri í fyrrið, annars vegar í húsnæði Endurskoðunar Akureyrar við Glerárgötu 24 og hins vegar í Hafnarstræti 100 þar sem bókabúðin Edda er til húsa.

Gunnar Jónsson starfsmaður Endurskoðunar Akureyrar sagði að lekans hefði orðið vart í fyrirskönd er starfsmaður átti fyrir tilviljun leið í fyrirtækið. Fjöldi fólks vann við það í fyrrið að söga upp bleytu. Undirstaða niðurfallsrörs gaf sig á kafla með þeim afleiðingum að vatn safnaðist saman á þakinu og fann sér síðan leið niður í gegnum þakplötuna, en mikill snjór var á þakinu sem bráðnaði er fór að hlána í fyrrið.

Gunnar sagði að um verulegt tjón væri að ræða, loft væri ónýtt að hluta, sem og milliveggir, teppi og innanstokksmunir auk þess sem vatn hefði flætt yfir tvær tölvur.

Þorsteinn Thorlacius eigandi bókabúðarinnar Eddu í Hafnarstræti

100 sagði að kaldvatnsrör á salerni þriðju hæðar hússins hefði af ókunnum ástæðum gefið sig með þeim afleiðingum að allt fór á flot. „Við tókum eftir því um morguninn þegar við komum til vinnu að það voru dropar í loftinu og þegar betur var að gáð reyndist rörið hafa gefið sig. Það var allt á floti niðri í kjallara hússins, en þar er aðallager verslunarinnar. Við geymdum þar m.a. tölvur og tæki, ritföng og bækur og er hluti af því skemmdur,” sagði Þorsteinn.

Bókabúðin er á fyrstu hæð hússins, en engin starfsemi hefur verið á efri hæðunum þremur frá því síðasta vor er þar var rekinn skemmtistaður.



Kristján Kristjánsson — KK.

■ KRISTJÁN Kristjánsson, söngvari, gítarleikari og munnhörpuleikari og Þorleifur Guðjónsson, bassaleikari, skemmta á veitingastaðnum Gikknum, Ármúla 7, um helgina, bæði í kvöld og annað kvöld. Þeir flytja meðal annars lög af nýrri plötu KK-bandsins, „The Lucky One” sem kemur út í næstu viku, en einnig ný og gömul blús og bluegrass-lög.

Alþýðubandalagið á Reykjanesi:

Forkastanleg aðför að félagum okkar

STJÓRN kjördæmisráðs Alþýðubandalagsins á Reykjanesi hefur sent frá sér yfirlýsingu þar sem mótmælt er þeim rökum fyrir útgöngu HÍK og FÍN úr BHM að leiðtogar BHM skuli hafa tekið sæti á lista Alþýðubandalagsins fyrir síðustu alþingiskosningar.

Í yfirlýsingu stjórnarinnar segir m.a.: „Þátttaka í stjórnmálum eru grundvallarmannréttindi sem ekki geta takmarkast. Með rökum sínum reyna forystumenn stéttarféлага að hræða fólk frá þátttöku í stjórnmálum. Aðförin að félagum okkar er einnig forkastanleg í ljósi þess að þeir Heimir Pálsson og Gunnlaugur Ástgeirsson eru með reyndustu og virkustu forystumönnum sinnar stéttar.”



Borghildur Óskarsdóttir

Sýnir á Kjarvalsstöðum

BORGHILDUR Óskarsdóttir opnar laugardaginn 23. nóvember 5. einkasýningu sína á Kjarvalsstöðum.

Borghildur hóf listnám 17 ára við Myndlista- og handíðaskóla Íslands og síðar við listaskólann í Edinborg. Seinna tók hún próf úr kennaradeild Myndlista- og handíðaskólans og kenndi börnum og fullorðnum myndlist í 10 ár við Myndlistaskólann í Reykjavík.

Síðustu ár hefur Borghildur unnið eingöngu að frjálsari myndlist og tekið þátt í fjölda sýninga víða um heim.

■ ÞESSA helgi mun Sri Chimnoysetrið halda námskeið í jóga og hugleiðslu. Á námskeiðinu verða kenndar slökunar- og einbeitingaræfingar jafnframt því sem hugleiðsla er kynnt sem aðferð til betri árangurs í starfi og aukinnar fullnægju í daglegu lífi. Námskeiðið verður haldið í Árnagarði, það er ókeypis og öllum opið. Það er í sex hlutum og byrjar fyrsti hlutinn föstudagskvöld kl. 20.

Ferðafélag Akureyrar:

Undirskriftum safnað til að mótmæla legu Fljótsdalslínu 1

FERDAFÉLAG Akureyrar stendur nú að söfnun undirskrifta til að mótmæla fyrirhugaðri legu Fljótsdalslínu 1, háspennulínu frá Fljótsdalsvirkjun til Akureyrar. Þegar hafa nokkrir tugir manna ritað nöfn sín á

listana, en um helgina verður opið hús hjá Ferðafélaginu þar sem fólk gefst kostur á að skrifa undir mótmælin. Athugasemdum á að skila fyrir 5. desember næstkomandi.

Mótmæli Ferðafélags Akureyrar beinast að fyrirhugaðri lagningu línunnar yfir Ódádahraun sunnan Herðubreiðatagla, en norðan Dyngjufjalla að Svartáarkoti. Línunni er ætlað að liggja rétt sunnan Herðubreiðatagla, sveigja þar til norð-vesturs fyrir norðan Vikrafell, liggja síðan syðst við rætur Svörtudyngju norðan við Stórukistu og um Fjánhóla. Línan lægi um Útbruna og Frambruna sunnan Svartárbotna og um Suðurárhraun, þar sveigði hún til norðurs, þveraði Suðurá suðvestan við Svartáarkot, færi austan í Háutungum og þveraði Svartá austan við Svartárgil með stefnu fyrir ofan Bjarnastaði og Rauðafell.

Markaðstorg Þórsara af stað á ný

ÍPRÓTTAFÉLAGIÐ Þór fer á ný af stað með markaðstorg með svipuðu sniði og félagið hefur staðið fyrir síðastliðin ár, en ástæða þess að það fer svo seint af stað er að ekki hefur fundist hentugt húsnæði fyrr.

Til bráðabirgða hafa Þórsarar fengið inni í húsnæði við Árstíg þar sem fyrirhugað er að slökkvistöð Akureyrarbæjar verði í framtíðinni. Húsnæði þetta er skammt frá Íróttaskemmunni og síðast rak Sæplast þar einingaverksmiðju.

Fyrsta markaðstorgið verður á morgun, laugardag, og verður það opnað kl. 11 og er opið til kl. 16.

Undanfarnar vikur hafa fjölmargir aðilar haft samband við forráðamenn félagsins og lýst yfir áhuga á að fá leigða sölubása, þannig að þess er að vænta að lífflegt verði í „slökkviliðstöðinni” nú síðustu vikurnar fyrir jólin.

Guðmundur Gunnarsson hjá Ferðafélagi Akureyrar sagði að fyrst og fremst væri félagið að mótmæla legu línunnar um Ódádahraun. „Það er svæði sem snertir okkur sérstaklega, það má segja að félagið hafi numið þarna land, en á þessu svæði eigum við tvo skála, Þorsteinsskála við Herðubreiðarlindir og Dreka í Dyngjufjöllum,” sagði Guðmundur.

Hann sagði að félagið vildi mótmæla legu línunnar í svo mikilli nálægð við Dyngjufjöll og Öskju,

þetta væri svæði sem mikið aðdráttarafl hefði fyrir ferðamenn, en yrði línan lögð þar sem fyrirhugað er að leggja hana hlytist af veruleg sjónmengun fyrir þá sem leið sína legðu í Öskju.

Skrifstofa Ferðafélags Akureyrar við Strandgötu 23 verður opin á morgun, laugardag, frá kl.

13 til 17 og á sunnudag frá kl. 13 til 16, en þar munu undirskriftarlistar liggja frammi þar sem þeim sem eru sama sinnis og félagsmönnum gefst kostur á að koma mótmælum sínum á framfæri. Frestur til að gera athugasemdir við línulögnina rennur út 5. desember næstkomandi.

Mývatnssveit:

Orsakir minnkandi bleikjuveiði verði rannsakaðar

Björk, Mývatnssveit. SVEITARSTJÓRN Skútustaðahrepps beinir því til ríkisvaldsins, að það beiti sér fyrir rannsóknum á bleikju- og urriðastofni Mývatns. Rannsóknin skal hafa það markmið að svara spurningunni: Hver er orsök eða orsakir þess að veiði bleikju úr Mývatni hefur farið minnkandi á síðari árum?

Í greinargerð segir: „Nytjar veiðihlunninda eru efnahag veiðiréttarhafa mikilvæg. Samdráttur í hefðbundnum landbúnaði auka enn mikilvægi þessara hlunninda. Aldalöng hefð silungsveiði í Mývatni hefur skapað einn þátt atvinnu- menningar sem ber að viðhalda. Alþingi hefur með lögum sett skörður við nýtingu lands og möguleikum atvinnuuppbyggingar í Mývatnssveit, sem hljóta að hafa í för með sér skyldur af hálfu ríkisvaldsins.

Óvissa um orsakir minnkandi veiði í Mývatni veldur spennu, sem hefur óæskileg áhrif í samfélaginu. Vitað er um minnkandi silungsveiði í mörgum íslenskum vötnum síðari ár, því gæti rannsóknin haft viðtækt gildi varðandi nytjar veiðivatna.

Verkefnið er viðamikil, Skútustaðahreppur hefur ekki bolmagn til að ráðast í það. Eðlilegt virðist

að Veiðimálastofnun í samvinnu við veiðiréttarhafa og fleiri, svo sem Stéttarsamband bænda, hafi rannsóknina með höndum.”

— Kristján

Kvikmyndaklúbbur Akureyrar:

Þrjár myndir sýndar um helgina

KVIKMYNDAKLÚBBUR Akureyrar efnir til sýninga á þremur myndum nú um helgina í Borgarbíói. Tvær þeirra voru sýndar á Kvikmyndahátíð Listahátíðar í október og ein var sýnd á franskri kvikmyndavíku fyrr á þessu ári.

Þetta eru myndirnar Ó, Carmela, sem gerist í spænsku borgarastyrjöldinni, fjörug og skemmtileg mynd með alvarlegum undirtón sem verður sýnd á morgun, laugardag, kl. 17. Þá verður óskarsverðlaunamyndin Vegur vonar sýnd á sunnudag kl. 17, en þar segir frá tyrkneskri fjölskyldu er lendir í hörmungum á leið til fyrirheitna landsins, Sviss. Loks verður franska myndin Cyrano de Bergerac sýnd kl. 18.30 á mánudag, 25. nóvember.

Ó, Carmela verður einnig sýnd kl. 18.30 á fimmtudag í næstu viku og Cyrano de Bergerac kl. 17 laugardaginn 30. nóvember næstkomandi. (Fréttatilkynning)



Verzlunar/skrifstofuhúsnæði

Til leigu er 176 fm húsnæði í Kaupangi við Mýrarveg á Akureyri. Húsnæðið skiptist í jarðhæð og kjallara og hentar vel sem verzlunar- eða skrifstofuhúsnæði. Húsnæðið er laust nú þegar.

Upplýsingar gefnar á Fasteignasölu, Brekkagötu 4, Akureyri, í síma 96-21744.

KG-BÓLSTRUN

Fjölnisgötu 4N

Nýsmíði — viðgerðir

vs. 96-26123, hs. 96-26146.